

AUGLÝSING

um breytingar á váttryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrýgginga.

1. gr.

Samkvæmt ákvæði 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 4. mgr. 91. gr. sömu laga verði 1.928 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 279 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt ákvæði 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. ákvæði 5. mgr. 91. gr. sömu laga, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka skv. 1.-3. mgr. 92. gr. verði 145 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu váttryggingartaka skv. 2. másl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 392/2003, um lögmæltar ökutækjatrýggingar, er 257.000 kr. fyrir einstakling og 1.284.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu skv. 3. másl. 3. mgr. 4. gr. er 64.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.
Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á váttryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrýgginga, nr. 571 frá 22. júní 2007.

Viðskiptaráðuneytinu, 29. ágúst 2008.

Björgvin G. Sigurðsson.

Kjartan Gunnarsson.